Nd. **172. Fyrirspurn**

til ráðherra.

Frá Jóni Ólafssyni, Lárusi H. Bjarnasyni, Pjetri Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Birni Kristjánssyni, Eggert Pálssyni, Valtý Guðmundssyni.

Er það satt, að stjórnarráðið hafi leyft að flytja hingað á höfnina frá útlöndum áfenga drykki, sem geymdir sjeu i skipi hjer á höfninni til afhendingar erlendum skipshöfnum, og það ótollað?

Ef svo er, með hverri lagaheimild og af hverjum ástæðum er þetta gert?